# Þingskjal nr. __

Flytjandi Játvarður Jökull Ingvarsson

Lagt fyrir _____

**Tillaga**
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir að fela stjórn LH að gera heildstæða og skjalfesta yfirferð á framtíðarfyrirkomulagi mótakerfis LH, réttindum tengdum SportFeng og mótagögnum og samningssambandi LH við HorseDay vegna HorseDay Móta.

Við yfirferðina verði sérstaklega gerð grein fyrir eftirfarandi:
1. Sportfengur og heimildir LH Eignarhaldi og ráðstöfunarheimildum vegna SportFengs og því hvort og með hvaða hætti sú staða hefur breyst frá 63. Landsþingi LH árið 2022, þar sem sú afstaða kom fram í áliti fjárhagsnefndar að LH ætti ekki SportFeng heldur hestamannafélögin.

2. Ákvörðun um nýtt mótakerfi Forsendum ákvörðunar um að hætta notkun SportFengs og taka upp HorseDay Mót, þ.m.t. þarfagreiningu, valkostum og samanburði á kostnaði og ávinningi, eftir því sem slík gögn liggja fyrir.

3. Samningssamband LH og HorseDay Helstu réttindum og skuldbindingum LH samkvæmt samningum við HorseDay vegna mótakerfis og miðlunar upplýsinga úr mótahaldi, þ.m.t. gildistíma, uppsagnarheimildum, hugverkaréttindum, gjaldtöku og möguleikum LH til að færa þjónustuna síðar til annars þjónustuaðila.

4. Mótagögn og aðgangur að þeim Eignarhaldi, yfirráðum og ráðstöfunarrétti vegna gagna um mótahald og þeim reglum og samningsskuldbindingum sem gilda um aðgang þriðju aðila að slíkum gögnum.

5. Samkeppni, nýsköpun og jafnræði þjónustuaðila Hvort og að hvaða marki samningar LH við HorseDay takmarka möguleika annarra þjónustuaðila til að fá vélrænan aðgang að mótagögnum eða þróa þjónustu sem byggir á þeim. Sérstaklega verði metið hvernig fyrirkomulag aðgangs að mótagögnum geti stuðlað að heilbrigðri samkeppni, nýsköpun og þróun nýrrar stafrænnar þjónustu fyrir hestamenn, enda verði jafnframt gætt að rekstraröryggi, persónuvernd og öðrum lögmætum hagsmunum LH og aðildarfélaga þess.

6. Langtímahagsmunir LH og aðildarfélaganna Hvernig tryggt verði að LH og aðildarfélög þess hafi til framtíðar fullnægjandi yfirráð yfir mótagögnum, nauðsynlegan aðgang að þeim og raunhæfa möguleika á að færa mótakerfi og tengda þjónustu milli þjónustuaðila. Landsþing beinir því jafnframt til stjórnar LH að niðurstaða yfirferðarinnar verði kynnt aðildarfélögum LH og að við áframhaldandi innleiðingu HorseDay Móta verði tryggt að réttindi, gögn, rekstraröryggi og langtímahagsmunir LH og aðildarfélaga séu nægilega varin. Landsþing leggur jafnframt áherslu á að fyrirkomulag mótagagna verði, eftir því sem unnt er og að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna LH og aðildarfélaga þess, þannig úr garði gert að það skapi

svigrúm fyrir samkeppni og nýsköpun og geri ólíkum þjónustuaðilum kleift að þróa nýjar lausnir og þjónustu sem nýtist íslenskum hestamönnum.

**Greinargerð:**
Sportfengur hefur um árabil gegnt lykilhlutverki í framkvæmd og skráningu mótahalds íslenska hestsins. Fyrir liggur að stefnt er að því að HorseDay Mót taki við hlutverki SportFengs frá ársbyrjun 2027.

Það getur verið bæði eðlilegt og hagkvæmt að LH endurmeti eldri tæknilausnir og feli sérhæfðum einkaaðila þróun og rekstur nýs mótakerfis í stað þess að LH sjálft standi fyrir umfangsmikilli hugbúnaðarþróun. Tillagan byggir því ekki á þeirri forsendu að ákvörðun um að hætta notkun SportFengs eða semja við HorseDay hafi sem slík verið óheimil eða óeðlileg.

Breytingin er hins vegar umfangsmikil og varðar einn af grunninnviðum mótahalds innan LH. Mikilvægt er því að aðildarfélög LH hafi skýra mynd af þeim réttindum og skuldbindingum sem fylgja nýju fyrirkomulagi og hvernig langtímahagsmunir hestamennskunnar eru tryggðir.

Við meðferð þingmáls nr. 40 á 63. Landsþingi LH árið 2022 kom fram sú afstaða fjárhagsnefndar að „LH á ekki Sportfeng, heldur hestamannafélögin sem eiga Sportfeng“. Jafnframt var því beint til stjórnar LH að vinna að nýjum samningi við RML um nauðsynlegar uppfærslur á kerfinu.

Frá þeim tíma hefur þróunin orðið sú að ákveðið hefur verið að nýtt kerfi HorseDay taki við hlutverki SportFengs. Mikilvægt er að skýrt liggi fyrir hvort og með hvaða hætti eignarhald, ráðstöfunarréttur eða aðrar heimildir vegna SportFengs hafi breyst og hvernig réttindi aðildarfélaganna séu tryggð við kerfisskiptin.

*Mótagögn, samkeppni og nýsköpun*
Sérstaklega þarf að huga að stöðu þeirra gagna sem verða til við mótahald íslenska hestsins. Slík gögn geta haft verðmæti langt út fyrir tæknilegan rekstur þess kerfis sem notað er til að skrá mótin hverju sinni. Þau geta meðal annars verið grundvöllur fyrir þróun nýrrar stafrænnar þjónustu, betra upplýsingaflæði, tölfræði, leit, greiningar og aðrar lausnir sem nýtast hestamönnum, keppendum, ræktendum, mótshöldurum og almenningi.

Að mati Hringdu er því mikilvægt að greina á milli annars vegar þess hverjum er falið að þróa og reka hið opinbera mótakerfi LH og hins vegar þess hverjir geti, að uppfylltum málefnalegum og jafnræðislegum skilyrðum, fengið aðgang að mótagögnum til að þróa aðra þjónustu fyrir hestamenn.

Samkeppni milli ólíkra þjónustuaðila getur skapað hvata til nýsköpunar, bættrar þjónustu og þróunar nýrra lausna. Fyrirkomulag þar sem mótagögn eru aðgengileg á skýrum, gagnsæjum og jafnræðislegum forsendum getur þannig skapað tækifæri fyrir fleiri aðila til að þróa þjónustu sem nýtist hestamennskunni, án þess að það þurfi að draga úr hlutverki þess aðila sem LH felur að þróa og reka hið eiginlega mótakerfi.

Í samskiptum LH og Hringdu hefur komið fram af hálfu LH að HorseDay hafi ekki almennan einkarétt á gögnum úr SportFeng og að LH hafi ekki tekið þá afstöðu að enginn annar en HorseDay geti fengið vélrænan aðgang að gögnunum.

Þrátt fyrir það hafnaði stjórn LH þann 30. september 2026 formlegri beiðni Hringdu um API-aðgang að gögnum úr SportFeng. Í bókun stjórnar kom fram að LH væri „samningsbundið í þróunar- og rekstrarsamstarfi við HorseDay er varðar nýtt mótakerfi og miðlun upplýsinga úr mótahaldinu“ og að beiðni Hringdu samræmdist ekki ákvæðum samningsins.

Þessi staða gefur tilefni til að skýra nánar hvort og að hvaða marki samningssamband LH og HorseDay takmarkar möguleika annarra aðila til að fá aðgang að mótagögnum og nýta þau við þróun þjónustu fyrir hestamenn.

Ekki er með tillögunni tekin afstaða til þess hvort slíkar samningsskuldbindingar séu óheimilar eða óeðlilegar. Hins vegar er mikilvægt að umfang þeirra, forsendur og langtímaáhrif liggi skýrt fyrir. Sérstaklega þarf að liggja fyrir hvort unnt sé að ná markmiðum LH um öruggt og öflugt mótakerfi án Bls. 3 þess að útiloka eða takmarka að óþörfu möguleika annarra aðila til nýsköpunar og þróunar þjónustu á grundvelli mótagagna.

Markmiðið ætti að vera að skapa umhverfi þar sem öflugt mótakerfi LH og nýsköpun annarra aðila geta farið saman. Aðgangur að mótagögnum þarf eftir atvikum að vera háður eðlilegum tæknilegum, fjárhagslegum, öryggis- og persónuverndarskilyrðum. Slík skilyrði ættu hins vegar að vera skýr, málefnaleg og eftir því sem við á sambærileg gagnvart aðilum í sambærilegri stöðu.

Jafnframt þarf að liggja fyrir hvernig komið verði í veg fyrir óæskilega tæknilega eða fjárhagslega bindingu við einn þjónustuaðila og hvernig tryggðar séu raunhæfar útgönguleiðir ef síðar verður talið hagkvæmt eða nauðsynlegt að breyta um kerfi eða þjónustuaðila. Landsþing fer með æðsta vald í málefnum LH. Með hliðsjón af umfangi breytinganna, mikilvægi mótakerfisins fyrir starfsemi aðildarfélaganna og fyrirhugaðri innleiðingu HorseDay Móta frá ársbyrjun 2027 er eðlilegt að

Landsþing fái tækifæri til að ræða þessi atriði og taka afstöðu til þess hvernig tryggja skuli hagsmuni LH, aðildarfélaganna og íslenskra hestamanna til framtíðar.